


Bókunarkerfi



Bókunarkerfi / aðgangsstýring

- Fyrir notkun á þvottahúsi
- Fyrir notkun á sameiginlegum sal
- Fyrir notkun á sameiginlegu tæki / verkfæri
- Fyrir bókun á tíma í þjónustu
- Aðgangsstýring
- Stjórnborð
- Skýjalausn



Bókunarkerfi Tæknivíts er tilvalin lausn fyrir húsfélög og/eða þá sem eru með eign eða tæki sem leigð eru út t.d. leiga á sal. Notendur bóka sér sinn tíma. Sé aðgangsstýring tengd kerfinu sér það til þess að aðeins sá sem á bókaðan tíma fái aðgang.

Hjartað í lausninni er aðgangs- og upplýsingakerfið, byggt á íslensku hugviti, með marga möguleika:

- Notandi bókar/afbókar sjálf(ur) sinn tíma
- Umsjónaraðili sér allar bókanir
- Umsjónaraðili getur bókað/afbókað fyrir notanda ef þess þarf
- Hægt að setja gjald á hverja bókun/afbókun
- Upplýsingar um veltu og notkun
- Kort / miðar / augnskanni
- Utanumhald fyrir kort/miða/notendur

Bókunarkerfið okkar er „opið“ kerfi, þ.e.a.s. það getur unnið með margskonar kortum / miðum og tækjum. Kerfið er óháð endabúnaði að því gefnu að samskipti séu á viðeigandi formi.

Hér er um að ræða **íslenska lausn, framleidda af Tæknivíti**. Það gerir okkur kleift að vera mjög sveigjanleg þegar kemur að séróskum viðskiptavina og tengingum við ýmis önnur kerfi. Hugbúnaðarsérfræðingar okkar hafa margra ára reynslu í hönnun, smíði og rekstri upplýsingakerfa.

Hafðu samband fyrir frekari upplýsingar